

2. stjórnarfundur

FORMA 2013 – 2014

Dags. 17/10 2013

Tími: kl. 16.30.

Staður: Meistarastofa

Mætt: Bryndís Arnarsdóttir, Eydís Valgarðsdóttir, Eyrún Skúladóttir, Helena Sigurðardóttir, Herdís Zóphóníasdóttir, Jón Stefán Baldursson, Marías Kristjánsson, Þuríður Árnadóttir.

1. Hólavatsferðir gengu að mestu leyti vel. Þó var gerð athugasemd við það að bátar höfðu verið teknir í notkun þó að það hefði verið tekið skýrt fram á fundi með Jóhanni Þorsteinsyni og í upplýsingamöppu að notkun bátanna væri ekki innifalin í leigunni. Þarna er um að kenna að upplýsingar komust ekki til skila og/eða menn kynntu sér ekki möppuna. Úr þessu verður að bæta á næsta ári. Almenn ánægja virðist hafa verið með ferðirnar af hálfu nemenda og gekk hópefli Önnu Richards vel. Eydís tekur að sér að gera upp Hólavatsferðirnar og borga Önnu, Þorsteini/Hólavatni og Fab travel n.k. mánudag 21.okt.
2. Varðandi skipulag ferðanna á næsta ári þá er mikilvægt að stjórn FORMA fundi fyrr og hafi allar upplýsingar tilbúnar á skólasetningu (eða eins og hægt er). Reyna að fá foreldra til að gefa sig fram í verkefnið strax á skólasetningu eða fljótlega eftir hana og að vaktir foreldra verði ekki fleiri en tvær þ.e. dagvakt og næturvakt. Senda tölvupóst beint til foreldranna með mikilvægustu upplýsingunum varðandi umgengi og hvað má og hvað má ekki á Hólavatni. Vel þykir hafa tekist til með tímasetningu að þessu sinni þ.e. að ferðirnar hefjist sem fyrst eftir busavígsli.
3. Formannskjör: Eydís Valgarðsdóttir og Helena Sigurðardóttir taka að sér formennsku í vetur. Eydís verður ritari. Eyrún situr áfram í Skólanefnd og Helena situr í Forvarnarnefnd.
4. Önnur mál:
Rætt var um sögukennslu í 2.bekk. Komið hefur í ljós að kennarar sem kenna sögu í 2.bekk nota mjög ólíkar aðferðir við mat á árangri nemenda og einkunnagjöf. Þykir undarlegt að kennarar sem kenna sama áfanga skuli ekki nota samræmdar aðferðir við námsmat.

Rætt var um stærðfræðikennslu á raungreinasviði. Það er álit fundarmanna að stærðfræðikennsla í MA ýti hvorki undir sköpunargáfu né áhuga nemenda. Grunur leikur á að vel færir nemendur af raungreinasviði hrökklist yfir á mála-og félagsfræðisvið vegna þess að þeir missa áhugann og trúna á að þeir ráði við stærðfræðina. Byrjað er að kenna s.k. speglaða kennslu í stærðfræði í 1. bekk og lofar það góðu. Engar breytingar hafa verið gerðar á stærðfræðikennslu í 2.-4.bekk svo vitað sé. Herdís ætlar að kanna hvort að hún geti aflað upplýsinga um hve margir einstaklingar það eru á hverju ári sem hafa fært sig yfir á mála-og félagsfræðisvið undanfarin ár. Vilji er hjá Stjórn FORMA að skoða þetta mál ofan í kjölinn. Hverjar eru áherslurnar og hver eru markmiðin í stærðfræðikennslu á raungreinasviði MA.

Í lok fundar var minnst á að tímabært er að senda út árlegt bréf til umsjónarmanna veislusala hér í bæ og að athugað verði með endurkomu Siggú Daggar til kynlífsfræðslu fyrir 2.bekk eftir áramót.

Næsti fundur verður að 3-4 vikum liðnum.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 18.00

Eydís Valgarðsdóttir fundarritari.